

**Menningar- og ferðamálnefnd Hafnarfjarðar (MOF) f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579 og Bæjarbío slf. (Bæjarbío), kt. 611116-0550 gera með sér svofelldan:**

## **SAMNING**

um fjárstuðning Hafnarfjarðarbæjar við tónlistarhátíðina Hjarta Hafnarfjarðar á tímabilinu 1.1.2022 – 31.12.2023

### **1. gr. Markmið**

Meginmarkmið með stuðningi Hafnarfjarðarbæjar við Hjarta Hafnarfjarðar er að:

- styðja við frekari uppbyggingu bæjar- og tónlistarhátíðarinnar Hjarta Hafnarfjarðar sem hefur verið haldin í og við Bæjarbío síðan 2017
- bjóða Hafnfirðingum og nærsveitungum frítt inn á útisvæði hátíðarinnar í þrjár vikur og aðgang að metnaðarfullum tónleikum og viðburðum í Bæjarbío gegn greiðslu
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð
- efla menningarlíf í Hafnarfirði og koma hafnfirsku tónlistarfólki á framfæri

### **2. gr. Framlag Hafnarfjarðarbæjar**

Á samningstímanum leggur MOF Bæjarbío til í beinum fjárframlögum kr.:

- kr. 4.500.000 árið 2022
- kr. 4.500.000 árið 2023

Upphæðin greiðist í einni greiðslu í júní ár hvert og skulu forsvarsmenn senda löglegan reikning til Hafnarfjarðarbæjar, með skýringu „Hjarta Hafnarfjarðar, samstarfssamningur, (ártal)“

### **3. gr. Framlag og markmið Hjarta Hafnarfjarðar**

Tónlistar- og bæjarhátíðin Hjarta Hafnarfjarðar fer fram í miðbæ Hafnarfjarðar og þjónar Bæjarbío, tónlistarhús bæjarbúa, þar lykilhlutverki. Gestir kaupa sig inn á vandaða tónlistarviðburði í Bæjarbío og á útisvæði fyrir utan Bæjarbío geta bæjarbúar og nærsveitungar fylgst með.

Bæjarbío skipuleggur og heldur Hjarta Hafnarfjarðar sem stendur að lágmarki í þrjár vikur að sumarlagi í miðbæ Hafnarfjarðar öll þrjú samningsárin.

### **4. gr. Ábyrgð**

Bæjarbío slf. ber ábyrgð á að starfsemin fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Bæjarbío ber ábyrgð á skuldbindingum Hjarta Hafnarfjarðar eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Bæjarbío er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

### **5. gr. Kynningarmál**

Á öllu kynningarefni Hjarta Hafnarfjarðar, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að Hjarta Hafnarfjarðar sé styrkt af Hafnarfjarðarbæ og birtir Bæjarbío merki Hafnarfjarðar í því skyni.

### **6. gr. Samskipti og eftirlit**

Ritari menningar- og ferðamálanefndar er tengiliður samningsins við Bæjarbío. Bæjarbío skal skila árlegri skýrslu þar sem fram kemur dagskrá, aðsóknartölur, uppgjör og lýsing á kynningarmálum til ritara MoF í síðasta lagi 10. október ár hvert.

### **7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings**

Telur Bæjarbío hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Hafnarfjarðarbæjar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til Bæjarbío hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

### **8. gr. Gildistími**

Samningur þessi er gerður í samræmi við úthlutunarreglur menningarstýrkja frá 10.01.2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóma eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

### **9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála**

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar- og ferðamálanefndar og bæjarráðs og fyrirvara um samþykki fjárhagsáætlunar hvert ár. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Hafnarfirði 20. apríl 2022

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Bæjarbío

---

---